



Um Oddfellowregluna

Einkunnarorð Oddfellowreglunnar eru:

VINÁTTA
KÆRLEIKUR
SANNLEIKUR

en hlekkirnir þrír tákna þessi einkunnarorð
og eru tengdir saman í keðju.

Grundvallarkenningar og markmið Oddfellowreglunnar

Hugsjónir Oddfellowreglunnar byggja á siðfræðilegum og mannúðlegum grunni.

Reglan leggur áherslu á að hjálpa og styðja félaga sína í daglegu lífi á grundvelli kenninga sinna og veita félögum þá lífssýn sem Reglan byggir á og kemur fram í þeim tilgangi hennar:

að vitja sjúkra,
líkna bágstöddum,
jarða framliðna og
veita munaðarlausum fóstur.

Boð þessi og skyldur byggjast á þeim félagslegu aðstæðum, sem ríktu við stofnun Reglunnar. Þessar aðstæður hafa breyst til muna og hluti þeirra verkefna, sem Reglan sinni áður, er nú í höndum samfélagsins.

Einnig leggur Oddfellowreglan félögum sínum á herðar:

**Að kynna grundvöll vináttu, kærleika og sannleika
meðal manna.**

**Að styrkja þá og aðstandendur þeirra í trúnni á eina æðstu veru
Að sérhver einstaklingur geti, í samræmi við hæfni sína, lagt sitt
af mörkum til þess að hjálpa náunga sínum, til betra og farsælla
lífs.**

Að kenna þeim að orðin tóm nægja ekki.

Þetta eru markmið sem enginn getur náð öðruvísi en að bæta fyrst sjálfan sig, með stuðningi félaga sinna í Reglunni.

Á fundum leitum við leiða til þess að vinna sem best að markmiðum Reglunnar og einingu meðal félaga hennar.

Á fundum er ekki rætt um trúmál eða stjórnsmál, því að það eru slík mál sem valda sundrungu.

Sýnum gott fordæmi

Fyrrgreind markmið byggja á þeim siðferðilegu lífsviðhorfum sem stofnendur Reglunnar töldu vera mikilvægan þátt í starfi hennar. Að beina sjónum ekki aðeins að efnislegum gæðum heldur einnig siðferðilegum.

Ekki er nægilegt að félagar í Reglunni líti á siðfræði hennar einungis sem kenningar. Þeir eiga að lifa og starfa samkvæmt henni. Daglegt líf á að einkennast af þeirri siðfræði. Félagar í Oddfellowreglunni eiga að þekkjast af framkomu þeirra og viðmóti.

Styrkur Oddfellowreglunnar liggur í þeirri vitund Reglufélaga að sýna bróður- og systurpel í vináttu, kærleika og sannleika.

Mannúðarstarf Reglunnar

Reglustarfið grundvallast á framangreindri siðfræði. Félagar hennar vinna því ótúllega að líknarstarfi.

Reglan býr m.a. yfir sameiginlegum sjóði sem staðið hefur straum af myndarlegum framlögum til líknarmála.

Allar Regludeildir eiga ennfremur sjóði sem nýttir eru í sama tilgangi.

Upphaf Oddfellowreglunnar

Enginn virðist vita með fullri vissu við hvaða tíma miða skal upphaf Oddfellowreglunnar. Fræðimenn eru sammála um að upphaf hennar megi rekja til gildanna sem voru samtök iðnfélaganna sem sett voru á fót á miðöldum til að varðveita atvinnuleyndarmál félaga sinna og efla samtakamátt þeirra. Elstu ritaðar heimildir um Oddfellowregluna eru frá Skotlandi en í safni þar er geymt stofnbref sem greinir frá því að Reglan hafi verið stofnuð 5.



febrúar 1537. Heimildir eru um að aðalaðsetur Reglunnar hafi verið í London á 18. öld en hún starfaði víða á Bretlandi.

Frá Englandi barst hreyfingin með innflytjendum til Bandaríkjanna. Stofnandinn var Thomas Willey sem flust hafði búferlum frá Englandi. Hann og fjórir aðrir bræður, sem einnig höfðu flust þaðan, stofnuðu fyrstu stúkuna „Nr. 1, Washington“, í veitingahúsinu Seven Stars í Baltimore 26. apríl 1819.

Oddfellowreglan á Íslandi er grein af þeim meiði Reglunnar sem þarna var sett á stofn.

Framsýnn bróðir, Schuyler Colfax, síðar varaforseti Bandaríkjanna, átti frumkvæði að því árið 1851 að stofna kvennastúkur innan Oddfellowreglunnar. Nefnast þær Rebekkustúkur.

Úr þessum jarðvegi óx Reglan og dafnaði hratt, ekki eingöngu í Bandaríkjunum heldur einnig í fjölda annarra landa þar sem Reglan starfar. Íslenska Oddfellowreglan heyrir nú undir Stórstúku Evrópu sem stofnsett var árið 2007.



Ágreiningur er um það meðal sagnaritara hvernig nafn Reglunnar hafi myndast og hvað það þýðir. Ein skýringin er sú að

Oddfellowreglan sé arftaki gildanna eins og að framan er getið. Gildin voru öðrum þræði “fóstbræðralög” og félagar þeirra urðu að vinna hátíðlegan eið að því að styðja hvern annan. Í fornu máli ensku hét eiður “Ad” – borið fram “Odd”. Félagar Reglunnar voru eiðsfélagar; enska heitið varð því óhjákvæmilega Odd Fellow – (eiðsvarinn) fóstbróðir.

Oddfellowreglan á Íslandi

Fyrsta Oddfellowstúkan á Íslandi, St. nr. 1, Ingólfur, var stofnuð 1. ágúst 1897. Aðdragandi stofnunar Reglunnar hér á landi var sá, að danskir Oddfellowar tóku sér fyrir hendur að reisa sjúkrahús fyrir holdsveika í Laugarnesi við Reykjavík, en þá var holdsveiki nokkuð útbreidd í landinu og mikill vággestur.



Innan Reglunnar starfa bræðrastúkur og systrastúkur en einnig Regludeildir er nefnast Búðir og Canton. Fjöldi Reglufélaga hérlendis hefur um áratuga skeið numið um og yfir 1% af íbúafjölda landsins.

Yfirstjórn Reglunnar er í höndum Stórstúkustjórnar, en æðsti yfirmaður Reglunnar er stórsír.

Stórstúkan er löggjafarþing Reglunnar. Í henni eiga sæti fulltrúar allra Regludeilda í landinu.

Oddfellowheimilin á Íslandi eru öll í eigu Reglunnar. Félagar Reglunnar skoða Regluheimilin sem sitt annað heimili

Fundir



Fundir stúkna eru ýmist vikulega eða hálfsmánaðarlega, en annarra Regludeilda mánaðarlega, á tímabilinu september til maí. Fundur er haldinn í stúkusal samkvæmt ákveðinni dagskrá og fylgir siðareglum. Að loknum fundi í stúkusal er jafnan samverustund í setustofu þar sem fram eru bornar veitingar og flutt fræðslu- eða skemmtiefni.

Á hátíðafundum klæðast bræður kjólfötum og systur síðum, svörtum kjólum. Á almennum fundum klæðast bræður samstæðum dökkum jakkafötum og systur svörtum kjólum.

Nokkur leynd hvílir yfir starfsemi Reglunnar. Leyndarmál Reglunnar eru merki hennar og siðir. Reglusystkini eru eiðsvarin að ljósta ekki upp um þessi leyndarmál.

Söngur og tónlist eru mikilvægir þættir í fundahaldi og það gildir einnig um aðra samveru og skemmtanir á vegum Regludeilda.

Tilgangurinn er ekki síst að efla samkennd og að félagar kynnist betur innbyrðis.

Heimsóknir milli Regludeilda er fastur liður í starfinu. Einnig geta einstakir félagar farið í heimsóknir til annarra Regludeilda bæði hérlendis og hvar sem er í heiminum þar sem Oddfellowreglan starfar.

Ekki er mætingaskylda á fundum, en hins vegar er nauðsynlegt að mæta vel á fundi til að njóta til fullnustu starfsins og þess sem Reglan hefur að bjóða.

Hvernig gerist ég félagi í Oddfellowreglunni?

Til þess að ganga í Oddfellowregluna þarf innsækjandi að vera lögráða og fjárhagslega sjálfstæður.

Þá er þess krafist að innsækjandi trúi „á eina æðstu veru sem skapað hefur heiminn og heldur honum við”.

Tillögumaður, sem er fullgildur félagi í Reglunni, þarf að mæla með umsókn innsækjanda. Hann þarf að þekkja innsækjandann vel og vera þess fullviss, að hann eigi erindi í Oddfellowregluna.

Þetta rit veitir ekki upplýsingar um hvað það kostar að vera Oddfellowi, þar sem slíkt getur verið mismunandi frá einni Regludeild til annarrar. Þær upplýsingar veitir tillögumaðurinn, sem svarar einnig öðrum spurningum sem upp kunna að koma hjá innsækjanda.

Það er von okkar að þessar upplýsingar um uppbyggingu og starfsemi Oddfellowreglunnar hafi vakið hjá þér áhuga á að taka þátt í gefandi félagsstarfi sem byggir á vináttu og kærleika.